

Mánudaginn 22. aprílmánaðar.

Nr. 38/1894:

Ásmundur Sveinsson
fyrir hönd D. E. G. Brasch
gegn
Sigurði Briem fyrir hönd
Salomon Davidsen.

D ó m u r :

Í máli þessu áfrýjar kandídat Ásmundur Sveinsson fyrir hönd kaupmanns D. E. G. Brasch í Hamburg að fenginni uppreisn og með stefnu, dags. 10. sept. f. á., fjárnámsgjörð og eptirfarandi nauðungaruppboði, er framkvæmt var af fógeta og uppboðsráðanda í Árnessýslu hinn 27. marz og 22. apríl 1893 í eignum kaupmanns Guðmundar Ísleifssonar á Eyrarbakka eptir beiðni stefnda, kand. polit. Sigurðar Briem og til fullnægingar skuld Guðmundar til umbjóðanda hans, stórkaupmanns Salomon Davidsen í Kaupmannahöfn, að upphæð alls með vöxtum og málskostnaði 7293 kr. 73 a. Krefst áfrýjandinn þess hjer fyrir rjettinum, að nefnd fjárnámsgjörð og uppboðsgjörð verði dæmdar ómerkar og að stefndi Sigurður Briem verði skyldaður til að skila aptur í þrotabú Guðmundar Ísleifssonar hinum fjárnumdu og seldu eignum eða fullu andvirði þeirra eptir dómkvaddra manna mati skaðlaust fyrir búid, svo og til að greiða allan málskostnað skaðlaust. Hinn stefndi, Sigurður Briem, hefur aptur krafizt þess, að málinu verði vísað frá yfirdómi, en til vara, að hin áfrýjaða fjárnámsgjörð og uppboð verði staðfest og hann

algjörlega sýknaður af öllum kröfum áfrýjanda, og hvernig sem fer hefur hann krafizt málskostnaðar með nægilegri upphæð.

Eins og áður er tekið fram, var hið áfrýjaða fjárnám og uppboð gjört í eigum Guðmundar kaupmanns Ísleifssonar, sem litlu síðar framseldi bú sitt í hendur skiptarjettar sem þrotabú, en hvorki Guðmundi Ísleifssyni eða þrotabúi hans, sem enn er ólokið, hefur þó verið stefnt fyrir yfirdóminn í máli þessu, og hefði það þó þurft að gjöra, þar sem farið er fram á ómerkingu tjeðra gjörða. Það verður því, án þess rannsaka þurfi aðra agnúa, er stefndi hefur talið á málshöfðun þessari frá formsins hlið, að frávísa málinu ex officio frá yfirdóminum, og verður áfrýjandinn að greiða stefnda í kost og tæring 15 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Áfrýjandinn Ásmundur Sveinsson fyrir hönd D. E. G. Brasch greiði stefnda Sigurði Briem fyrir hönd Salomon Davidsen í kost og tæring 15 krónur innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa undir aðför að lögum.